



Tilkynning um skráningu iðnmeistara og staðfesting ábyrgða

Vegna framkvæmda á lóðinni nr. við
sem samþykkt var þann/ 20

Ég undirritaður..... byggingarstjóri, kt.'.....'.....
tilkynni neðanskraða löggilta iðnmeistara, sem ráðnir hafa verið til verksins, til að standa fyrir
verkum, hver í sinni iðngrein, sbr.31. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Staðfesta þeir hér
með ábyrgð sína með áritun á þessa tilkynningu.

Lýsing framkvæmda samkvæmt bókun afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar:

.....
.....
.....
.....

| Eiginhandaráritun iðnmeistara | Kennitala |
|-------------------------------|-------------------------|
| Húsasmíðameistari |'.....'.....'..... |
| Múrarameistari |'.....'.....'..... |
| Pípulagningarmeistari |'.....'.....'..... |
| Rafvirkjameistari |'.....'.....'..... |
| Blikksmíðameistari |'.....'.....'..... |
| Málarameistari |'.....'.....'..... |
| Stálvirkjameistari |'.....'.....'..... |
| Veggfóðrarameistari |'.....'.....'..... |

...../..... 20

Lóðarhafi/húseigandi

Byggingarstjóri

Athugasemdir embættismanna:

.....



Móttækið/..... 20

Byggingarfulltrúi

Úr Mannvirkjalögum nr. 160/2012, 32. og 33. gr.

„Byggingarstjóri skal tilkynna útgefanda byggingarleyfis skriflega um þá húsasmíðameistara, múrarmeistara, pípulagningarmeistara, blikksmíðameistara, stálvirkjameistara, málara-meistara og veggfóðrarmeistara sem tekið hafa að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar og nauðsynlegt er að komi að viðkomandi verki, og leggja fram undirritaða ábyrgðaryfirlýsingu þeirra sbr. 4. tl. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 160/2010. Skal slík staðfesting liggja fyrir áður en byggingarleyfi er gefið út. Ekki þarf þó að tilkynna um málarmeistara eða veggfóðrarmeistara vegna byggingar íbúðarhúss, frístundahúss, bílskúrs, eða viðhalds og viðbyggingar slíkar mannvirkja, til eigin nota eiganda.

Iðnmeistari ber ábyrgð á því gagnvart eiganda mannvirkis að þeir verkþættir sem hann tekur að sér séu í samræmi við viðurkennda verkhætti, samþykktu uppdrætti, verklýsingar og ákvæði Mannvirkjalaga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Skaðabótaábyrgð iðnmeistara fyrnist samkvæmt ákvæðum laga um fyrningu kröfuréttinda.

Þeir iðnmeistarar einir geta borið ábyrgð á einstökum verkþáttum við mannvirkjagerð sem hlotið hafa til þess löggildingu Mannvirkjastofnunar. Þeir iðnmeistarar geta hlotið slíka löggildingu sem hafa meistarabréf og hafa lokið prófi frá meistaraskóla eða hafa sambærilega menntun á hlutaðeigandi sviði.

Löggilding til handa rafvirkjameisturum sem gefin er út á grundvelli laga nr. 146/1996, um öryggi raforkuvirkja, neysluveitna og raffanga, jafngildir löggildingu skv. 3. mgr.

Mannvirkjastofnun heldur skrá yfir löggilta iðnmeistara og skal hún varðveitt í gagnasafni stofnunarinnar.

Iðnmeistarar skulu hafa gæðastjórnunarkerfi sem feli í sér a.m.k. í sér staðfestingu á hæfni iðnmeistara, skrá yfir úttektir og niðurstöður þeirra og skrá yfir athugasemdir byggingarstjóra, auk skrár um innra eftirlit iðnmeistarans og lýsingu á því í samræmi við nánari ákvæði í reglugerð.

Iðnmeistari skal tilkynna Mannvirkjastofnun um gæðastjórnunarkerfi sitt til skráningar í gagnasafn stofnunarinnar.

Hætti iðnmeistari umsjón með verkþætti áður en verki er lókið skal byggingarstjóri sjá um að nýr iðnmeistari taki við störfum án tafar og tilkynna það útgefanda byggingarleyfis.

Byggingarstjóri skal sjá til þess að framkvæmdir við þá verkþætti sem fráfarandi iðnmeistari bar ábyrgð á og hafði umsjón með séu stöðvaðir þar til nýr iðnmeistari hefur undirritað ábyrgðaryfirlýsingu. Skal byggingarstjóri gera úttekt á þeim verkþáttum sem fráfarandi iðnmeistari hafði umsjón með og skulu bæði fráfarandi iðnmeistari, ef þess er kostur, og hinn nýi undirrita úttektina. Nýr iðnmeistari ber ábyrgð á þeim verkþáttum sem unnir eru eftir að hann tók við starfi.“